



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 13. maí 2024
24042365/600.03 SSF

Efni: Borgarholtsbraut 19, Kársnes ehf. (Mossley) Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tækifærisleyfi.


Með bréfi dags. 19. apríl 2024 óskaði Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu eftir umsögn Kópavogsbæjar um umsókn Kársnes ehf., kt. 560119-2830, um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna Kársneshátíðar á Mossley, að Borgarholtsbraut 19, 200 Kópavogi, skv. 17. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 30. gr. rgl. nr. 1277/2016.

Samkvæmt 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 staðfestir sveitarstjórn sem umsagnaraðili að staðsetning sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um. Um afgreiðslutíma áfengis vísast til lögreglusamþykktar fyrir Kópavogsbæ nr. 675/2015. Staðsetning er á svæði sem skilgreint er verslun og þjónusta skv. aðalskipulagi.

Staðsetning er í samræmi við gildandi skipulag en umbeðinn afgreiðslutími er lengri en ákvæði 2. mgr. 25. gr. lögreglusamþykktar fyrir Kópavogsbæ nr. 675/2015 segir til um. Óskað er eftir opnun til 01:00, en lögreglusamþykkt gerir ráð fyrir opnun til kl. 23:00 á umfangslitlum veitingastöðum. Sveitarstjórn hefur heimild til þess að samþykkja lengri opnunartíma.

Undirritaður mælir með að veitt verði jákvæð umsögn.

Virðingarfyllst,


Steinn Finnbogason
Lögfræðingur